

foreldra til skilgetinna barna segir svo í byrjun 20. gr., að foreldrar ráði báðir saman, séu þeir samvistum verustað barna sinna og öðrum persónulegum högum þeirra eða með öðrum orðum að hjónin hafi bæði *foreldravald* yfir börnunum. Samkvæmt þessu hefir þá móðir óskilgetins barns ein foreldravald yfir barni sínu, en faðir þess hinsvegar engan umráðarétt yfir því. Nú segir svo í 4. málsg. 20. greinar siðarnefndra laga, að foreldrar megi fela öðrum að fara með foreldravald sitt um stundarsakir eða um óákveðinn tíma en eigi til fullnaðar. Þykir því verða að fallast á það hjá stefnöndu, að leyfi hennar, samkvæmt oftnefndri yfirlýsingu til hinna (stefndu) til uppfósturs og umráða oftnefndu stúlkubarni hennar, Ernu Dóru, sé afturkallanlegt hvenær sem er, og hefir stefnanda þá fullan rétt að fá barnið í sínar hendur og viðurkennt foreldravald sitt yfir því, og ber því að taka framangreindar dómkröfur hennar í þessu efni til greina, enda hefir ekkert komið fram undir rekstri málsins, er sanni það, að stefnanda sé ekki fær um að annast uppeldi barnsins sjálf.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að stefnd greiði stefnöndu kr. 75.00 í málskostnað.

Mánudaginn 6. maí 1935.

Nr. 40/1934. **Sveinn Teitsson** (Eggert Classen)
gegn

Þóru Guðmundsdóttur
(Sveinbjörn Jónsson).

Kaupkrafa.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. sept. 1933: Aðalstefndur, Sveinn Teitsson, greiði aðalstefnanda, Þóru Guðmundsdóttur kr. 949.34 með 5% ársvöxtum frá 12. maí 1932 til greiðsludags og kr. 100.00 upp í málskostnað innan fimtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar með stefnu dags. 5. marz f. á., og hefir áfrýjandi krafizt þess, að dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur upp-
kveðnum 7. sept. 1933 verði hrundið og breytt þann-
ig, að stefnda verði dæmd til að greiða áfrýjanda
kr. 4870.02, með 5% ársvöxtum frá 28. sept. 1932 til
greiðsludags. Ennfremur hefir áfrýjandi krafizt, að
fellt verði úr gildi fjárnám, er fram hafi farið 15.
jan. f. á. í húseign hans Laugaveg 103 í Reykjavík
til fullnægingar hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi
og loks hefir hann krafizt, að stefnda verði dæmd
til að greiða honum málskostnað að skaðlausu bæði
fyrir undirrétti og hæstarétti.

Af hálfu stefndu, er fengið hefir gjafvörn fyrir
hæstarétti og sér skipaðan talsmann hefir hinsveg-
ar verið krafizt, að hinn áfrýjaði bæjarþingsdóm-
ur og fjárnámsgerð verði staðfest, og að áfrýjandi
verði dæmdur til að greiða henni ríflegan máls-
kostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri eigi
gjafvarnarmál, þar á meðal hæfileg málsvarnar-
laun sér til handa.

Málið hefir samkvæmt ósk beggja aðilja og með
samþykki réttarins verið flutt skriflega fyrir hæsta-
rétti. En undir rekstri málsins hefir ekki verið lagt
fram eftirrit, hvorki í dómsgerðarformi né annað
eftirrit, af hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð í húsi á-
frýjanda, Laugaveg 103, og verður þar af leiðandi
ekki séð af málsskjölunum hvað fram hefir farið
við þá fjárnámsgerð. Það er þessvegna ekki auðið
að dæma um gildi hennar og verður því ex officio
að visa frá hæstarétti kröfu áfrýjanda um að fjár-
námsgerð þessi verði felld úr gildi.

Eins og segir í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi

var áfrýjandi í aðalsök fyrir undirrétti dæmdur til að greiða stefndu kr. 1890.00. Við þessa upphæð hefir áfrýjandi að visu ekkert að athuga, en eins og fyrir undirrétti krefst áfrýjandi þess að stefnda verði hinsvegar dæmd til að greiða honum kr. 6760.02 að frádregnum áðurnefndum kr. 1890.00 og kemur þá fram dómkrafa áfrýjanda kr. 4870.02.

Af framangreindri gagnkröfu áfrýjanda voru í undirrétti teknar til greina kr. 940.66, en þar sem stefnda hefir viðurkennt, að hún hafi notað í eigin þarfir kr. 264.80 af fé því, er hún fékk fyrir fiskvinnu þau ár, sem hún var ráðskona hjá áfrýjanda, og með því að hún, svo sem sagt er í hinum áfrýjaða dómi, hefir eigi fært næg rök fyrir því, að henni hafi auk árskaupsins borið í sinn hlut umrætt fiskvinnukaup, verður eftir kröfu áfrýjanda auk nefndra kr. 940.66 að draga þessar kr. 264,80 frá kaupkröfu stefndu. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm samkv. ástæðum þeim er þar segir.

Eftir atvikum þykir rétt að áfrýjandi greiði málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, er ákveðast kr. 150.00, en að öðru leyti á málskostnaður í hæstarétti að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Kröfu áfrýjanda um ómerkingu á fjárnámi 15. jan. f. á. í húsi hans Laugaveg 103 í Reykjavík vísast ex officio frá hæstarétti.

Áfrýjandi, Sveinn Teitsson, greiði stefndu, Þóru Guðmundsdóttur, kr. 684.54 með 5% ársvöxtum frá 12. maí 1932 til greiðsludags og 100 kr. upp í málskostnað fyrir undirrétti. Svo

greiði hann málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns stefndu í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Sveinbjörns Jónssonar, 150 kr., en að öðru leyti á málskostnaður í hæstarétti að falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan og að fengnu gjafsóknarleyfi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 9. júní f. á., af Þóru Guðmundsdóttur, Njálsgötu 13 B, hér í bæ, gegn Sveini trésmið Teitssyni, Laugaveg 103, hér í bænum. Gerir stefnandi þær kröfur að stefndur verði dæmdur til þess að greiða henni kr. 5370.00 með 6% ársvöxtum frá 12. maí 1932 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands.

Stefndur krefst algerðrar sýknu af framangreindum kröfum stefnanda. Svo hefir hann og gagnstefnt í málinu og krefst hann þess í gagnsökinni að aðalstefnandi verði dæmd til þess að greiða honum kr. 6760.02 með 5% ársvöxtum frá gagnsáttakærudegi, 22. september 1932 til greiðsludags. Ennfremur krefst gagnstefnandi málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Aðalstefnandi krefst sýknu af kröfu gagnstefnanda í gagnsökinni svo og tildæmde málskostnaðar.

Tildrög máls þessa kveður aðalstefnandi vera þau, að hún hafi ráðizt ráðskona til gagnstefnanda 15. október 1924 og unnið hjá honum í 6 ár, eða til 15. október 1930. Kveður hún umsamið kaup hafa verið 30 krónur fyrir mánuð hvern fyrsta árið en síðan 50 krónur fyrir hvern mánuð, eða samtals kr. 3360.00 fyrir allt tímabilið. Upp í kaupíð hafi gagnstefnandi greitt sér kr. 270.00, en eftir standi kr. 3090.00, er gagnstefnandi neiti að greiða.

Ennfremur kveðst aðalstefnandi hafa lánað gagnstefnanda kr. 50.00 í peningum, og kr. 1750.00, sem hún hafi unnið sér inn í fiskvinnu hafi gengið til heimilis hans.

Svo kveðst hún og hafa lagt árlega inn í búið 2 dilka og 8 pund af ull í þau sex ár er hún gegndi ráðskonustörfum hjá gagnstefnanda. Reiknar hún verð innleggs þessa í búið 80 krónur á ári eða samtals kr. 480.00 fyrir allan tímann. Nema hinar tilfærðu upphæðir kr. 3090 plus kr. 50.00 plus kr. 1750 plus kr. 480.00 samanlagðar, hinni umstefndu upphæð.

Gagnstefnandi heldur því fram, að aðalstefnandi hafi aðeins verið vinnukona hjá sér umrædd 6 ár, en þrátt fyrir þá staðhæfingu hans verður að telja sannað að um ráðskonustöðu hafi verið að ræða, enda er það sannað að gagnstefnandi nefndi aðalstefnanda ráðskonu við aðra. Gagnstefnandi viðurkennir að umsamið kaup hafi verið fyrsta árið 30 krónur fyrir mánuðinn, en mótmælir ákveðið, að kaupið hafi hækkað upp í 50 krónur á mánuði eftir fyrsta árið. Kveður hann kaupið hafa verið 30 kr. fyrir mánuðinn allan tímann. Þar sem upplýst er að aðalstefnandi réðist í upphafi fyrir 30 krónur virðist sönnunarbyrðin fyrir því, að samið hafi verið um að kaupið skyldi hækka síðar, verða að hvíla á aðalstefnanda, og þegar að hún hefir ekki gegn mótmælum gagnstefnanda fært sönnur á að slíkir samningar hafi verið gerðir, þá er ekki unnt í þessu máli að reikna henni hærra kaup en kr. 30 fyrir mánuðinn. Lækkar krafa hennar af þessari ástæðu um kr. 1200.00.

Að því er snertir kröfuna um endurgreiðslu á 50 króna láni, þá heldur aðalstefnandi því fram í frumsókn sinni, rskj. nr. 3, að hún hafi lánað gagnstefnanda upphæð þessa samtímis því sem hún réðist til hans. Síðar í málinu, sjá m. a. rskj. nr. 44, heldur hún því fram, að umrætt 50 króna lán sé þannig til komið að sumarið 1927 hafi hún verið kaupakona í Selkoti í Þingvallasveit og fengið þar í kaup 50 krónur (auk fæðis fyrir tvo drengi, syni gagnstefnanda, sjá rskj. nr. 51). Um haustið hafi hún keypt slátur o. fl. til heimilis gagnstefnanda fyrir þessar 50 krónur. Gagnstefnandi hefir mótmælt þessum lið sem röngum og hefir aðalstefnandi ekki fært sönnur á gegn mótmælum hans, að hún eigi rétt á að fá þessar 50 krónur endurgreiddar, enda krefst hún kaups af gagnstefnanda fyrir tíma þann, sem hún hefir unnið fyrir oftnefndum 50 krónum í Selkoti og mætti því ætla að kaup

hennar í Selkoti hafi átt að renna til gagnstefnanda. Þessi liður verður því ekki til greina tekinn.

Aðalstefnandi kveðst hafa unnið fyrir 1750 krónum í fiskvinnu ár þau, er hún var ráðskona hjá gagnstefnanda. Kveður hún þá peninga alla hafa runnið til heimilis gagnstefnanda, en hún hafi átt að eiga þá sjálf. Telur hún sig því eiga heimtingu á endurgreiðslu á þessari upphæð.

Gagnstefnandi hefir mótmælt því, að fiskvinnukaup þetta hafi runnið til sín eða heimilis síns, en þó svo væri, þá hafi hann átt heimtingu á því að fá kaupið þar eð aðalstefnandi hafi verið í fastri þjónustu hans gegn ákveðnu mánaðarkaupi auk fæðis og húsnæðis. Hefir aðalstefnandi ekki fært þau rök fyrir þessum lið kröfu sinnar, að unnt sé að taka hann til greina.

Loks hefir gagnstefnandi mótmælt því, að aðalstefnandi hafi lagt inn í bú hans kjöt, ull eða aðra vöru og mótmælir kröfu hennar um ofan nefndar kr. 480.00. Aðalstefnandi átti 2 ær vestur í Arnarfirði og fékk sent þaðan kjöt og ull á haustin. Kveður gagnstefnandi hana hafa gefið þetta ýmsum, en stundum hafi skemmdir verið í matvælunum og hafi komið fyrir að þeim hafi verið fleygt. Rétturinn verður að líta svo á, að jafnvel þótt afurðir þessar hafi að einhverju leyti runnið í bú gagnstefnanda, þá bresti þó allar sönnur fyrir því, að þar hafi verið um sölu að ræða, enda mætti ætla ef svo hefði verið, að verðið hefði ekki verið öll árin hið sama. Þykir því ekki fært að taka þennan lið til greina.

Niðurstaðan verður því sú í aðalsök að krafa aðalstefnanda lækkar um kr. 1200.00 plus kr. 50.00 plus kr. 1750.00 plus kr. 480.00 eða samtals um kr. 3480.00 og færist niður í kr. 1890.00.

Ber þá að athuga kröfur gagnstefnanda í gagnsökinni og mótmæli aðalstefnanda gegn einstökum liðum gagnkröfunnar.

1. Gagnstefnandi kveðst hafa greitt aðalstefnanda kr. 40.00 í desember 1924 til þess að greiða Gunnlaugi lækni Einarssyni. Aðalstefnandi hefir mótmælt þessu og hefir gagnstefnandi ekki fært sönnur á réttmæti þessa liðs.

Gagnstefnandi tilfærir aðalstefnanda til skuldar við 30. okt. 1925 „fyrir fæði, mjólk, egg o. s. frv. og húsnæði fyrir sjúkling, Guðm. Ágúst Pálsson (sem er giftur syst-

ur Þóru Guðmundsdóttur) dagana 10—30. okt. 1925, — 21 dagur á 5.00 kr., 105.00“.

Aðalstefnandi hefir mótmælt því, að hún hafi tekið á sig nokkra ábyrgð á greiðslu þessa kostnaðar og liggja ekki fyrir neinar sannanir um það, að svo hafi verið. Þessi liður verður því ekki til greina tekinn.

3. Gagnstefnandi kveðst hafa greitt fyrir aðalstefnanda kr. 18.00 til Gróu Jónatansdóttur á Þingeyri og kr. 30.00 til Bræðranna Proppé, sama staðar. Hefir aðalstefnandi mótmælt þessu og eru ekki komnar fram sannanir fyrir því gegn mótmælum hennar. Lækkar gagnkrafan því samkvæmt þessum lið um kr. 48.00.

4. Þá kveðst gagnstefnandi hafa látið aðalstefnanda fá kr. 18.00 í peningum og 2 rjólbita 18 króna virði, til þess að senda til Svalvoga í Dýrafirði. Gegn mótmælum aðalstefnanda brestur þó sönnun fyrir þessu og lækkar gagnkrafan af þessari ástæðu um kr. 36.00.

5. Gagnstefnandi kveðst hafa látið aðalstefnanda fá 10 krónur í peningum í ágúst 1927. Gegn mótmælum aðalstefnanda er þessi liður einnig ósannaður.

6. Þá kveðst gagnstefnandi hafa sent aðalstefnanda austur að Selkoti í ágúst 1927 rúmstæði fyrir kr. 18.00 og 6 flöskur af fersól fyrir kr. 19.50. Aðalstefnandi viðurkennir að hafa fengið rúmstæðið, er hún telur 9 króna virði, en mótmælir því að gagnstefnandi hafi sent fersólflöskurnar. Verður hið siðarnefnda ekki talið sannað gegn mótmælum aðalstefnanda. Andvirði rúmstæðisins ber að telja henni til skuldar með kr. 18.00 þar sem ekki er upplýst að það verð sé ósanngjarnt. Gagnkrafan lækkar því samkvæmt þessum lið um kr. 19.50.

7. Þá kveður gagnstefnandi aðalstefnanda hafa veitt viðtöku ýmsum fjárupphæðum, er til hans áttu að renna, en aldrei skilað þeim. Þannig kveður hann hana hafa selt saumavél, er hann átti, fyrir kr. 50.00, tekið á móti 35 krónum frá Jóhannesi nokkrum fyrir fæði, er hann fékk á heimili gagnstefnanda, sömuleiðis 120 krónum frá Jóni nokkrum Bjarnasyni fyrir fæði, 14 krónum hafi hún tekið á móti fyrir seld egg, 35 krónum fyrir 5 andir er hún hefir selt. Ennfremur hafi hún tekið á móti fæðispeningum frá Jóni Kristjánssyni kr. 45.00, og Sighvati Jónssyni kr. 56.00, og sömuleiðs 14 krónum frá siðarnefndum

fyrir að þrjóna neðan við sokka. Andvirði hæsnanna kr. 70, er gagnstefnandi átti að fá, hafi hún ekki skilað. Loks hafi hún tekið á móti vinnulaunum sjálfrar hennar og sona gagnstefnanda, Péturs og Hafsteins, samtals kr. 2439.26 en engu skilað gagnstefnanda. Nema upphæðirnar samkvæmt þessum lið samtals kr. 2878.26.

Aðalstefnandi hefir mótmælt því ákveðið að nokkur eyrir af ofangreindum upphæðum hafi runnið til hennar. Kveður hún peningana hafa gengið til greiðslu á venjulegum og daglegum heimilisnáðsynjum. Það verður nú að teljast mjög ósennilegt að gagnstefnandi hefði liðið það óátalið, að aðalstefnandi kastaði eign sinni á upphæðir, er hún tók á móti fyrir selt fæði eða selda muni gagnstefnanda og sama er að segja um vinnupeninga aðalstefnanda og sona gagnstefnanda. Aðalstefnandi var í þeirri stöðu sem ráðskona á heimilinu, að henni var heimilt að nota innkomna peninga eins og þá, er hér um ræðir, til greiðslu á búsnauðsynjum og verður ekki krafist að hún sýni kvittanir fyrir greiðslunum. Eins og málið horfir við hér fyrir réttinum, þykir verða að taka trúanlegt, að umræddir peningar hafi verið notaðir í þágu heimilis gagnstefnanda og ber því að draga framangreinda upphæð, kr. 2878,26 frá kröfu gagnstefnanda í gagnsök.

8. Gagnstefnandi tilfærir ennfremur nokkrar upphæðir er hann kveðst hafa greitt aðalstefnanda í peningum, kr. 10.00 í ágúst 1927, (auk þeirra er í 5. lið getur) 15 kr. í júní 1928, 27 krónur í ágúst sama ár og auk þess 60 kr. sumarið 1928, er aðalstefnandi hafi sent systur sinni, kr. 34.40 í dez. 1929, til greiðslu á sveitarskuld, 28 krónur til gleraugnakaupa, 40 kr. til kaupa á kápu. Aðalstefnandi hefir viðurkennt tvær síðustu upphæðirnar réttar en mótmælt hinum og hefir gagnstefnandi ekki fært sönnur á greiðslur þessar. Lækkar krafa gagnstefnanda þá samkvæmt þessum lið um kr. 146.40.

9. Aðalstefnandi skuldar gagnstefnanda fyrir fæði og húsnæði fyrir Kristínu Guðmundsdóttur frá Keflavík, nú á Skagaströnd, frá maí til nóvember 1928 og fyrir barn, sem hún átti 26. ágúst 1920, 180 daga á kr. 5.00, kr. 900.00.

Aðalstefnandi kveður konu þessa hafa greitt fyrir dvöl sína á heimili gagnstefnanda kr. 309.00 með vitund hans,

og hafi þeir peningar gengið til greiðslu á ýmsum heimilisnauðsynjum. Gagnstefnandi hefir ekki sannað gegn mótmælum aðalstefnanda að henni hafi verið skylt að greiða fyrir dvöl Kristinar á heimili gagnstefnanda né að hann yfirleitt eigi kröfu á hendur henni út af dvölinni. Er því ekki unnt að taka þennan lið til greina.

10. Þá reiknar gagnstefnandi aðalstefnanda til skuldar kr. 9.60 andvirði ferðatösku, er hann hafi keypt handa henni sumarið 1929. Aðalstefnandi kveður gagnstefnanda hafa gefið sér tösku þessa, er hún fór með son gagnstefnanda vestur í Arnarfjörð umrætt sumar. Gegn mótmælum gagnstefnanda hefir hún þó ekki fært sönnur á staðhæfingu þessa og ber því að taka þennan lið til greina.

11. Gagnstefnandi skuldar aðalstefnanda fyrir skófatnað ár þau, er hún var ráðskona hjá honum og árið 1932. Hefir aðalstefnandi viðurkennt færslur þessar réttar að undanteknum skóm á kr. 5.25, sem færðir eru við 8. október 1931 og stigvélum á kr. 18.00, sem færð eru við 9. nóvember sama ár. Kveðst aðalstefnandi aldrei hafa fengið skó þessa og stigvél og hefir gagnstefnandi ekki fært sönnur á það gegn neitun hennar. Lækkar gagnkrafan því samkvæmt þessum lið um kr. 23.25.

12. Næst kemur kröfuliður kr. 690.00 fyrir húsnæði, þjónustu, fæði, ljós og hita fyrir aðalstefnanda fyrir tímabilið frá 15. okt. 1930 til 8. apríl 1931, kr. 120 á mánuði.

Þótt gagnstefnandi reikni aðalstefnanda ekki ráðskona-kaup néma til 15. október 1930 þá fór hún þó eigi af heimili hans þann dag. Var hún orðin heilsuveil um þetta leyti en ekki kveðst hún hafa lagzt í rúmið fyrri en 21. febrúar 1931. Gagnstefnandi heldur því hinsvegar fram, að hún hafi lagzt í rúmið um jól eða nýjár. Samkvæmt vottorði lækni Árna Péturssonar mun aðalstefnandi hafa réttara fyrir sér um þetta atriði. Veikindi þau, sem að henni gengu var þrjósthinnubólga. Var hún flutt af heimili gagnstefnanda á spítala hinn 8. apríl 1931.

Það má telja upplýst að aðalstefnandi hafi gegnt störfum á heimili gagnstefnanda allt þar til hún lagðist rúm-föst og verður að ætla að hún hafi að minnsta kosti verið matvinningur á þeim tíma, þótt hún reikni sér ekki kaup fyrir hann. Hinsvegar á gagnstefnandi kröfu til endurgjalds fyrir kostnað vegna legu aðalstefnanda á heimili

hans 21. febrúar til 8. apríl eða í 47 daga, og verður gjald það, er hann reiknar sér kr. 120.00 á mánuði eða ca. kr. 4.00 á dag ekki talið ósanngjarnt. Ber því að taka til greina af þessum lið $4 \times 47 = 188$ krónur. Þessi liður lækkar því um kr. 502.00.

13. Þá reiknar gagnstefnandi sér vegna vinnutaps sjálfs sín og hjúkrunar látinnar í té aðalstefnanda þegar hún lá á heimili hans $\frac{1}{4}$ — $\frac{3}{4}$ 1931, 85 virkir dagar á kr. 7.16 pr. dag, samtals kr. 693.60.

Aðalstefnandi hefir mótmælt þessum lið og hefir gagnstefnandi ekki gert sennilegt að hann eigi kröfur til upphæðar þessarar. Kostnaðurinn við legu aðalstefnanda á heimili hans sýnist nægilega greiddur með upphæð þeirri, er í 12. lið greinir.

14. Gagnstefnandi reiknar næst kr. 10.00 fyrir bil handa aðalstefnanda til spítalans í Hafnarfirði. Aðalstefnandi kveðst hafa farið í áætlunarbifreið og hafi sætið kostað kr. 1.00, en vera megi að gagnstefnandi hafi greitt hana. Er ekki upplýst að ferðin hafi orðið dýrari og lækkar þá þessi liður um kr. 9.00.

15. Liður. Þá kveðst gagnstefnandi hafa greitt fyrir aðalstefnanda bifreið til að flytja hana frá Hafnarfirði að Kópavogshæli, kr. 15.00. Aðalstefnandi heldur því fram að gagnstefnanda hafi borið að greiða þessa upphæð, en fyrir því eru engar sönnur færðar og ber því að taka þennan lið til greina.

16. Þá reiknar gagnstefnandi sér kr. 31.20 fyrir tvær ferðir að Vífilsstöðum og ýmislegt annað ómak í þágu aðalstefnanda. Verður þetta ekki talið ósanngjarnlega hátt og ber því að samþykkja þennan lið.

17. Næst reiknar gagnstefnandi kr. 6.35 fyrir sængurver í júní 1931. Aðalstefnandi neitar ákveðið að hún hafi fengið sængurver þetta og er ekki upplýst að svo hafi verið.

18. Hér reiknar gagnstefnandi sér kr. 6.00 fyrir ferð til Vífilsstaða og kr. 24.48 fyrir þriggja daga vinnutap í sambandi við ráðstafanir við að koma aðalstefnanda af Kópavogshæli. Þessum lið er ekki mótmælt á annan hátt en þann, að gagnstefnanda hafi borið að greiða þennan kostnað, og þar sem ekki er hægt að álita að svo hafi verið, þá verður þessi liður samþykktur.

19. Þá telur gagnstefnandi til skuldar hjá aðalstefnanda fyrir húsnæði, þjónustu, fæði, ljós og hita fyrir tímabilið frá 18. febr. 1932 til 18. apríl s. á. kr. 120.00 á mánuði, samtals kr. 240.00.

Í málinu er upplýst að aðalstefnandi dvaldi á heimili gagnstefnanda í þetta sinn aðeins frá 22. febrúar til 19. marz eða samtals í 27 daga. Sé greiðsla reiknuð á kr. 4.00 á dag verður gjald það, er gagnstefnandi á rétt til alls kr. 108.00, og þykir verða að taka það til greina. Lækkar þessi kröfuliður þá um kr. 132.00.

20. Gagnstefnandi tilfærir ýmsar upphæðir er hann hafi greitt fyrir aðalstefnanda til Sjúkrasamlags Reykjavíkur og ýms opinber gjöld. Er mótmælum aðalstefnanda gegn þessum liðum þannig háttað, að ekki er unnt að taka þau til greina. Þessir liðir verða því samþykktir.

21. Loks gagnstefnir gagnstefnandi fyrir kr. 270.00, peningagreiðslu, en með því að hér er um sömu upphæð að ræða, sem aðalstefnandi hefir dregið frá kröfu sinni í aðalsökinni, verður hún ekki tildæmd í gagnsökinni.

Gagnkrafan var eins og fyrri segir kr. 6760.02. Samkvæmt framansögðu lækkar hún sem hér segir: kr. 40.00 plus kr. 105.00 plus kr. 48.00 plus kr. 36.00 plus kr. 10.00 plus kr. 19.50 plus kr. 2878.26 plus kr. 146.00 plus kr. 900.00 plus kr. 23.25 plus kr. 502.00 plus kr. 693.60 plus kr. 9.00 plus kr. 6.35 plus kr. 132.00 plus kr. 270.00. En samanlagðar nema upphæðir þessar kr. 5819.36. Eftir verður þá af gagnkröfu gagnstefnanda kr. 940.66 og ber að draga þá upphæð frá þeim kr. 1890.00, sem til greina voru teknar af kröfu aðalstefnanda í aðalmálinu, og verður þá eftir af henni kr. 949.34.

Niðurstaða málsins hér fyrir réttinum verður því sú, að tildæma aðalstefnanda ofanefnar kr. 949.34 með vöxtum, sem gegn mótmælum verða ekki reiknaðir hærri en 5% p. a.

Eftir þessum málavöxtum þykir rétt að gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 100.00 upp í málskostnað.

Sökum margvislegra anna dómarans hefir dómur ekki orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.